

verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er **62** henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, 11. júní en taka hann síðan lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1914.
Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júní 1914.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

Samþykkt

63
6. júlí

fyrir girðingarfelag Bræðratungusóknar í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefndin í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu hefir, samkvæmt girðingalögum 22. nóv. 1913, gjört eftirfarandi

samþykkt

fyrir girðingarfelag Bræðratungusóknar.

1. gr.

Með samþykkt þessari ákveður girðingarfelag Bræðratungusóknar, að setja á næsta vori 5 þætta gaddsvirsgirðingu þvert yfir Eystritunguna, milli Tungufjós og Hvítár, á landamerkjum Drumboddsstaða og Einhólts.

2. gr.

Í girðingarfelaginu eru allir í Bræðratungusókn, sem jörð hafa til ábúðar nú og eftirleiðis. Svo og aðrir þeir heimilisfastir menn í sókninni, er fjenað hafa undir höndum,

63

6. júlí

3. gr.

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhalds-
kostnaði, vöxtum og afborgunum af láni því, er til girðingarinnar kann að verða
tekið, skal jafnað niður á fjelagsmenn þannig, að helmingur kostnaðarins sje
lagður á ábúðarhundruð bænda, en hinn helmingurinn á tölu sauðfjár og ótam-
inna hrossa, sem fjelagsmenn hafa á fóðri þá er fjárskoðun fer fram næst áður.
A hvert hross skal leggja sem á 5 sauðkindur.

4. gr.

Nú fóðra fjelagsmenn sauðfje eða hross, sem aðrir eiga, og skal hann
greiða girðingargjald af því, samkvæmt 3. gr., en tilkall á hann til endurgjalds
frá eigandanum.

5. gr.

Kosnir skulu 3 fjelagsmenn til 6 ára í senn, til að hafa á hendi stjórn
fjelagsins. Þeir skulu hafa eftirlit með því að girðingin sje alltaf í góðu standi,
jafna niður hinum árlega kostnaði og innheimta hann, og að öðru leyti annast
um alt það, er að girðingunni lýtur.

6. gr.

Ef stjórnarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr stjórninni, áður en
kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í stjórnina í hans stað til þess
tíma aðeins er eftir var af kjörtíma hans.

7. gr.

Fjelagsmenn hafa allir jafnan atkvæðisrjett um þau mál er girðing-
una varða.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi og birt til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 6. júlí 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.